

Fimmtudaginn 25. mars 1993.

Nr. 376/1992. **Ákærvaldið**

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Agnari Þór Sigurðssyni

(Sigurður Georgsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1992 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvaldsins, en meðákærði í héraði unír dómi.

Í samræmi við heimild í 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er málið einvörðungu borið undir Hæstarétt, að því er tekur til ákvörðunar viðurlaga.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar ákærða, Agnar Þór Sigurðsson.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 9. júní 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 9. júní, er á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð er að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 123-124/1992: Ákærvaldið gegn Agnari Þór Sigurðssyni og X, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 2. þessa mánaðar.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 25. mars 1992, á hendur Agnari Þór Sigurðssyni, Stífluseli 11, Reykjavík, kennitala 220164-5199, og X [....].

Í ákæru er málið sagt höfðað gegn ofangreindum aðilum „fyrir að hafa 16. október 1991 flutt hingað til lands 103,9 g af amfetamíni. Ákærði Agnar Þór fékk efnið í hendur í Kaupmannahöfn og flutti það um borð í flugvél á leið hingað til lands, og á leiðinni tók ákærði X við efninu, bar það inn í landið á Keflavíkurflugvelli og flutti það til Hveragerðis, þar sem hann var handtekinn aðfaranótt 17. október og hald lagt á amfetamínið og 1,3 g af hassi, sem hann hafði einnig í fórum sínum“.

Þessi ætlaða háttsemi ákærðu er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 84/1986.

Af hálfu ákæruvalds er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar, einnig, að gerð verði upptæk 103,9 g af amfetamíni og 1,3 g af hassi samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.

Ákærðu eru samkvæmt ofanskráðu báðir sakhæfir.

Sakaferill ákærða Agnars Þórs er eftirfarandi:

[Ákærði hefur sjö sinnum sæst á greiðslu sekta og fjórum sinnum verið dæmdur í refsingu fyrir umferðarlagabrot, þar af einu sinni í Fær-eyjum.]

Ákærði Agnar Þór kom fyrir dóm 2. þessa mánaðar og taldi sakarefni rétt lýst sig varðandi í ákæru. Ákærði vísaði til fyrri framburðar síns og bar efnislega á sama veg um atvik. Ákærði kvaðst hafa verið illa staddur fjárhagslega og því freistast til amfetamínflutninganna vegna fyrirheits um 300.000 kr. þóknun. Eigi að síður hefði hann á leið hingað til lands hugleitt að hætta við, en tekið tali meðákærða, sem hann þó ekkert þekkti, mál þá skipast sem að ofan greinir og ákærði afsalað sér flutningsþóknun og ekki haft í huga að koma frekar nærri þessum fíkniefnum, eftir að komín voru meðákærða í hendur. Ákærði taldi sig ekki hafa lagt að meðákærða að taka við flutningi, en hins vegar fullvíst, að sá síðarnefndi gerði sér þá ljóst, að um amfetamín var að ræða.

Ákærði kvaðst ekkert hafa átt í amfetamínefnunum og eingöngu ráðgert, að hann fengi ofangreinda greiðslu í reiðufé fyrir flutning þeirra. Ákærði taldi sig hafa stuðlað að því, að lögregla fann og lagði hald á margnefnt amfetamín, fljótlega eftir að rannsókn máls þessa hófst.

— — —

Niðurstöður.

Ákærðu hafa báðir samkvæmt ofanskráðu gengist við þeirri háttsemi, sem þeim er gefin að sök. Þykja þær játningar nægilega studdar öðrum gögnum máls auk haldlagðra fíkniefna og greiningar þeirra.

Samkvæmt því er nægilega sannað, að ákærði hefur 16. október 1991 flutt hingað til lands 103,9 g af amfetamíni. Ákærði Agnar Þór fékk efnið í hendur í Kaupmannahöfn og flutti það um borð í flugvél á leið hingað til lands. Á leiðinni móttók ákærði X efnið, bar það inn í landið á Keflavíkurflugvelli og flutti það til Hveragerðis, þar sem hann var handtekinn aðfaranótt 17. október og hald lagt á amfetamínið og 1,3 g af hassi, sem hann hafði einnig í fórum sínum.

Þessi háttsemi ákærðu þykir í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 84/1986. Ákærðu hafa samkvæmt því hvor um sig unnið til refsingar.

Telja ber ofangreinda háttsemi ákærða Agnars Þórs fullframinn verknað, þótt meðákærði flytti efnin lokaspöl. Ákærði hefur hlotið allmargar fésektir, oftast fyrir umferðarlagabrot, sem ekki þykja hér skipta máli, utan 30 daga varðhald skv. dómi, upp kveðnum 7. nóvember sl. í sakadómi Reykjavíkur.

Refsing ákærða þykir með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi í sjö mánuði. Til frádráttar þeirri refsingu ber með hliðsjón af 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að virða með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærða í þágu rannsóknar málsins, nánar frá kl. 17.51 að telja 17. október 1991 og til kl. 22.00 þann 22. sama mánaðar eða samtals sex daga.

Samkvæmt því og með vísan til 142. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærðu til að greiða óskipt allan sakarkostnað.

Ákærði X greiði þó einn 40.000 kr. í málsvarnarlaun til Sigurðar Georgssonar hrl. að viðbættum 9.800 kr. í vsk.

Ákærði Agnar Þór greiði einn 43.377 kr. að meðtöldum 24,5% vsk. í réttargæslupóknun til Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar hdl. og 40.000 kr. í málsvarnarlaun til sama lögmanns, að viðbættum 9.800 kr. í vsk.

Þá ber, sem krafist er í ákæruskjali og með vísan til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986, að dæma upptæk til eyðingar 103,9 g af amfetamíni og 1,3 g af hassi sérgreind á efnaskrá nr. 3024.

D ó m s o r ð:

Ákærði Agnar Þór Sigurðsson, kt. 220164-5199, sæti fangelsi í sjö mánuði, en þeirri refsingu til frádráttar komi sex gæsluvarðhaldsdagar.

Ákærði X sæti fangelsi í fjóra mánuði.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað, en ákærði Agnar Þór einn 43.377 kr. í réttargæsluþóknun og 49.800 kr. í málsvarnarlaun til Sigurðar Georgssonar hrl.

Upptæk skulu til eyðingar 103,9 g af amfetamíni og 1,3 g af hassi, sérgreind á efnaskrá nr. 3024.
